



Bæjarráð Garðabæjar  
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær

Garðabæ, 18. Maí 2015

### Varðar: Ályktun stjórnar U.M.F. Stjörnnunnar um byggingu Knatthúss í Ásgarði

Á undanförunum mánuðum hefur margt verið ritað og rætt um mögulega staðsetningu knatthúss í Garðabæ. Með bréfi aðalstjórnar Stjörnnunnar þann 3. mars sl. var því lýst að yfirlýsing knattspyrnudeildar Stjörnnunnar dagsett sama dag félli að framtíðarsýn um eflingu Ásgarðssvæðisins sem megin starfsstöðvar Stjörnnunnar.

Í tilefni þeirrar umræðu og ummæla sem fram hafa komið af hálfu fulltrúa bæjarins á fundi knattspyrnudeildar og aðalfundi Stjörnnunnar í apríl sl. hefur aðalstjórn Stjörnnunnar fjallað um málið á fundi sínum í dag og samþykkt þar svohljóðandi ályktun.

„Aðalstjórn U.M.F. Stjörnnunnar leggur áherslu á að knatthús risi í Garðabæ í samræmi við gefin loforð.

Aðalstjórn leggur jafnframt áherslu á að það knatthús risi á Ásgarðssvæðinu, sem er megin athafnarsvæði félagsins. Er það trú aðalstjórnar að knatthús á Ásgarðssvæðinu nýtist hagsmunum Stjörnnunnar og iðkendum félagsins, sem og öðrum bæjarbúum, best. Jafnframt er mikilvægt að knatthúsið verði af þeirri stærð að það eflí starfsemi bæði knattspyrnudeildar og annarra deilda félagsins og auki enn á þann félagsanda sem tekist hefur að byggja upp með öflugum starfi margra deilda, sem eiga það sameiginlegt að hafa hjarta starfsemi sinnar í Ásgarði.

Stjórnin telur mikilvægt að gætt verði að því að uppbygging íþróttamannvirkja sé hugsuð út frá þörfum iðkenda Stjörnnunnar og að við töku ákvörðunar í málinu verði tryggt að sál og hjarta félagsins verði áfram í Ásgarði.


Til að stuðla að farsælli niðurstöðu málsins hefur aðalstjórn U.M.F. Stjörnnunnar falið fulltrúum úr starfshópi barna og unglingsráðs knattspyrnudeildar Stjörnnunnar, sem unnið hefur ötullega að málinu á undanförunum mánuðum, að koma að verkefninu með fulltrúa aðalstjórnar og ná fram niðurstöðu gagnvart bæjaryfirvöldum hvað varðar staðsetningu og stærð fyrirhugaðs knatthúss.“


Aðalstjórn vonast til þess að leiða megi málefni nýs knatthúss til farsælla lykta á grundvelli ofangreindra sjónarmiða hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst,


í stjórn U.M.F. Stjörnnunnar


  
Sigurður Bjarnason formaður

  
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir

  
Þorsteinn Þorbergsson

  
Ásta Kristjánsdóttir

  
Kristján B. Thorlacius

  
Þorsteinn Júlíus Arnason

  
Sigríður Dís Guðjónsdóttir